

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sigríður Svana Helgadóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. janúar 2017
2017010038/42-0
TB
jgo/tb

Forkaupsréttur ríkisins að svæði á náttúruminjaskrá, Brekkubær, umsögn

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 10. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ósk Ólafs Helgasonar, f.h. Hótel Hellnar ehf. að ríkið falli frá forkaupsrétti á hluta strandar sem tilheyrir jörðinni Brekkubæ á Hellnum, Snæfellsbæ. Svæðið er á náttúruminjaskrá sem friðlýst svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur skoðað gögnin sem fylgdu með málinu. Stofnunin lítur svo á að hér sé verið að óska eftir umsögn um hvort ríkið eigi að nýta sér þann forkaupsrétt sem það hefur í tengslum við sölu á jörðinni Brekkubæ sem vísað er til í bréfi Ólafs Helgasonar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, ódagsett en skráð 5. janúar sl. í ráðuneytinu. Svæðið sem um ræðir við ströndina, skv. þeim upplýsingum sem bárust frá ráðuneytinu um landamerki jarðarinnar Brekkubær, er tiltölulega lítið svæðið við höfnina á Hellnum og er hluti af mun stærra friðlýstu svæði, ströndin við Stapa og Hellnar (Stj.tíð. B, nr. 284/1988), sem nær allt frá Brúnkolluholti að vesta að Grísafossaá að austan. Náttúrufræðistofnun telur ekki nauðsynlegt að nýta sér forkaupsrétt að þeim hluta strandarinnar sem um ræðir en telur að ríkið eigi alls ekki að falla frá forkaupsrétti til framtíðar því forsendur geta breyst. Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að ströndin njóti áfram verndar sem friðland með þeim skilmálum sem um hana gilda og að forkaupsréttur ríkisins verði áfram þinglýstur sem hluti af söluferlinu. Á þessi afstaða stofnunarinnar einnig við um annað land sem þetta kann að eiga við s.s. óskipt land umhverfis Bárðalaug, sem er friðlýst sem náttúruvætti, og fjallað er um í landamerkjabréfi frá 27. september 2006.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

